

Skannaðu kóðann til að kjósa

GARÐABÆR

Betri
GARÐABÆR

Við kjósum 8. - 20. maí

GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek
Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010
Litlatúni 3 · 210 Gbæ

Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins KGP.IS

18. tölublað 35. árgangur. Fimmtudagur 16. maí 2024

Oftar en ekki opið

Garðabær Opið alla daga frá 8-23:30

Krambúðin

FASTEIGNASALAN TORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR

Sigurður Gunnlaugsson
löggtur fasteignasali
Sími 898 6106

FLATEY

PIZZA NAPOLETANA
Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval
HELSA & HVERINGJA

24/7 OPIÐ

Bílaapótek Lyfjavals
Hæðasmára

Nýjum lóðum úthlutað í Kumlamýri og í Prýðahverfi



Kumlamýri! Bæjarráð hefur samþykkt skilmála um sölu á byggingarétti nýrra lóða við Kumlamýri á Álftanesi og í Prýðahverfi

Bæjarráð hefur samþykkt skilmála um sölu á byggingarétti nýrra lóða við Kumlamýri og í Prýðahverfi, en alls eru þetta fjórar parhúsalóðir í Kumlamýri, lóðir nr. 5-7, 6-8, 17-19 og 21-23 og í Prýðahverfi eru þetta alls 7 einbýlishúsalóðir, í Steinprýði nr. 2 og 11, Garðapryði nr. 2, 4, 6 og Kjarprýði nr. 2 og 3.

fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 30. maí 2024 og gilda til kl. 16:00 fimmtudaginn 6. júní 2024. Söluaðilamir eru: Fasteignasalan Torg, Garðatorgi 5, Garðabæ, Garðatorg eignamiðlun, Suðurhrauni 10, Garðabæ, Fasteignamarkaðurinn, Óðinsgötu 4, Reykjavík og Fasteignasalan Miklaborg, Lág múla 4, Reykjavík

Tilboðsfrestur rennur út 30. maí kl. 16
Tilboð í byggingarétt hverrar lóðar þarf að berast í lokuðu umslagi til tilgreinds söluáðila

Tilboð verða opnuð og tekin fyrir á fundi bæjarráðs Garðabæjar kl. 08:00 þriðjudaginn 4. júní 2024.

KOMINNTÍMA SKOÐUN?

Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is

Frumherji

HAFÍÐ FISKVERSLUN
- Gæðin skipta mátt -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

YUZU HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ

"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

LEMON

KOMBÓ MÁNADARINS
TUNACADO & DAZED
MEIRA HOLLT - MEIRA NAMM

2.390 KR.

30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR

VILDARKORT LIND FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:

SHELGASON, HÚSGAGNA HÖLLIN, brautir & gluggatjöld, Betra BAK, DORMA, Flúgger litir, Parki, VIDD, HÚSASMÍÐJAN

LIND FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

Vel gert Garðbæingar!

Vorhreinsun lóða hefur gengið vel



Garðbæingar hafa verið duglegir að koma garðaúrgangi fyrir í gámunum 33 sem eru á góðum stöðum í bæjarlandinu

Garðbæingar hafa aldeilis látið til sín taka í vorhreinsun lóða og hafa verið duglegir að koma garðaúrgangi fyrir í gámunum 33 sem eru á góðum stöðum í bæjarlandinu.

Gámarnir verða tæmdir reglulega og var þjónustumiðstöðin okkar á ferðinni daglega til að fylgjast með þeim og til að skipta út gámunum þegar þarf.

Gámarnir eru opnir á annari hliðinni svo auðveldara sé að koma garðaúrgangi í þá. Mikilvægt er að hafa í huga að í gámana

fer garðaúrgangur, svo sem mold, afklippur og gras. Þeir eru ekki ætlaðir fyrir byggingarefni, plast, rusl eða annað slíkt.

Við hlið gámana eru tunnur fyrir plastpoka en þeir eiga ekki heima í gámunum. Eldri borgurum og þeim sem þurfa aðstoð við að koma garðaúrgangi í gámana er bent á að hafa samband við þjónustumiðstöð Garðabæjar, sem verður þeim innan handar.

Átakið stendur til 21. maí. Gerum Garðabæ að snyrtilegasta bæ landsins!

340 atkvæðisseðlar bárust Bókaverðlaun barnanna – úrslitin í Garðabæ

Góð þátttaka var í Bókaverðlaunum barnanna í ár, en 340 atkvæðiseðlar bárust með 836 atkvæðum. Börnin völdu sínar uppáhaldsbækur frá árinu 2023 og fór kosning fram í Bókasafni Garðabæjar og flestum skólabókasöfnum bæjarins.

Gunnar Helgason, Lára missir tónn eftir Birgittu Haukdal og Stelgur stranglega bannaðar eftir Emblu Bachmann.

Af þýddum bókum voru það Messi er frábær, Mbappé er frábær, Handbók fyrir ofurhetjur, Dagbók Kidda klaufa, Hund-

Arnhildur Ylfa í 7.bekk Flataskóla og Tómas Ingi í 6.bekk Álftanesskóla.

Niðurstöðurnar í Garðabænum eru nokkuð samhljóða valinu á landsvísi, en þar hefur verið tilkynnt um fimm efstu bækurnar í hverjum flokki sem hægt er svo að kjósa



Arnhildur Ylfa í Flataskóla



Guðrún María í Sjálandsskóla



Tómas Ingi Álftanesskóla

Alls 88 bækur hlutu atkvæði en nokkrar urðu langefstar í kosningu barnanna. Vinsælustu íslensku bækurnar voru Orri óstöðvandi: Jólin eru að koma og Salka: Hrekkjavakan eftir Bjarna Fritzon, Bannað að drepa og Bella gella krossari eftir

mann og Verstu gæludýr í heimi sem hlutu flest atkvæði.

Þrír heppnir þátttakendur voru dregnir út og fengu þeir bók í verðlaun. Það voru þau Guðrún Marín í 3.bekk í Sjálandsskóla,

um á netinu til lokaúrslita sem verða tilkynnt í beinni útsendingu 8. júní á RÚV þegar Sögur - verðlaunahátíð barnanna fer fram. Bókasafnið þakkar öllum þeim sem tóku þátt og óskar vinningshöfum, rithöfundum og þýðendum til hamingju.

Garðabær úthlutar styrkjum að upphæð 5.350.000- kr.

Á fund bæjarráðs í síðustu viku samþykkti ráðið eftirfarandi tillögu um úthlutun styrkja að upphæð 5.350.000- kr.:

- Garðálfar - kór eldri borgara á Álftanesi kr. 450.000.-
- Garðakórinn kr. 500.000.-
- Kór Vídalínskirkju kr. 300.000.-
- Bjarkarhlíð - miðstöð fyrir þolendur ofbeldis kr. 800.000.-
- Samtök um kvennaathvarf kr. 800.000.-
- Stígamót kr. 800.000.-
- Örninn - minningar- og styrktarsjóður kr. 800.000.-
- Aflið - samtök fyrir þolendur ofbeldis kr. 250.000.-
- Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins kr. 100.000.-



Kór eldri borgarar, Garðakórinn fékk úthlutað styrk að upphæð 500.000 kr.

- ADHD-samtökin kr. 300.000.-
- Kvennaráðgjöfin kr. 250.000.-

Þá vísaði bæjarráð til umfjöllunar í Íþrótt- og tómsundaráði styrkbeiðnum Siglinga-

klúbbsins Vogs og Hestamannafélagsins Sóta (rekstur reiðhallar.). Bæjarráð vísaði einnig styrkbeiðni Hestamannafélagsins Sprettis (reiðvegur) til umhverfissviðs.

Íþróttaping haldið í haust

Á fundi Íþrótt- og tómsundaráðs var rætt um áframhaldandi umræður um fyrirkomulag íþrótt- og tómsundapings Garðabæjar haustið 2024.

Hugmyndum um rýnihópa mismunandi aldurshópa var stillt upp í þeim tilgangi að

hafa niðurstöður þeirra sem umræðugrundvöll á þinginu.

Ákveðið var að leita tilboða hjá utanaðkomandi aðilum til að halda utan um umræðurnar og taka saman niðurstöðum.



Hundabann á varptíma við vötnin



Hundum er bannaður aðgangur í friðlandi Vífilsstaðavatns og Urriðavatns yfir varptímann, tímabilið 15.apríl til 15. ágúst.

Allir eru hvattir til að vernda fuglalíf við vötnin



HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS Garðatorg 1 210 Garðabær

HÖNNUNARSAFNIÐ SEM HEIMILI

200 dæmi um íslenska hönnun úr safneign

Open Þri-Sun 12-17

WWW.HONNUNARSAFN.IS

FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA

 Frímann 897 2468	 Hálfván 898 5765	 Ólöf 898 3075	 Kristín 699 0512
------------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



LAMBAMÝRI 1-6 | 225 GARÐABÆR



**45 SELDAR
AF 84
LAMBAMYRI.IS**

BÓKIÐ SKOÐUN HJÁ GULLA Í SÍMA 661-6056 EÐA MEÐ TÖLVUPÓSTI Á GULLI@REMAX.IS



83,9-114,9 millj.

TEGUND **Fjölbýli**
STÆRÐ **105,2-146,6 M²**
HERBERGI **3-5**

Ný byggð á Álftanesi, 225 Garðabæ við Lambamýri 1-6.

84 íbúðir í sex lágrestum fjölbýlishúsum ásamt bílastæðahúsi, verslunarhúsnæði, félagsmiðstöð eldri borgara og íbúðir fyrir 60 ára + í vesturbæ Garðabæjar, Álftanesi.

Til að byrja með hefst sala á íbúðum í húsunum við Lambamýri 3, 4, 5 og 6.

Aukin lofthæð og sér loftskiptikerfi er í öllum íbúðum.

Allar íbúðir á efstu hæð eru með sér þaksvallir, aðrar íbúðir eru með hefðbundnar svalir eða verönd þar sem á við. Flestar íbúðir eru með sér þvottahús. Með öllum íbúðum í húsunum fylgir sér stæði í lokaðri bílageymslu með sumum íbúðum fylgir svo auk þess annað sér merkt stæði utandyra.

Bókið skoðun hjá Gulla í síma 661-6056 eða með tölvupósti á netfangið gulli@remax.is



Gunnar Sverrir Harðarsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 862 2001 / gunnar@remax.is

Guðlaugur Jónas Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 661 6056 / gulli@remax.is

RE/MAX

**VIÐ VINNUM
FYRIR ÞIG**

Skannaðu kóðann
og líttu inn



remax.is

GARÐAPÓSTURINN

Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: kgp.is
Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Garðapósturinn kemur næst út fimmtudaginn 23. maí

Síðasti skiladagur föstudaginn 17. maí
valdimar@gp.is - Sími 697 4020

Garðapósturinn með bæjarbúum í 35 ár (Frá 1989)

Vefsíða Garðapóstsins er: kgp.is

Fylgdu Garðapóstinum á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA
ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ
VIRÐING
TRAUST
REYNSLA

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Svverrir Einarsson
Útfararstjóri
S: 896 8242



Jón G. Bjarnason
Útfararstjóri
S: 793 4455



Jóhanna Eiríksdóttir
Umsjón útfara



Guðmundur Örn Jóhannsson
Framkvæmdastjóri
Umsjón útfara
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta

S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

utforin.is

REYKJAVÍK | KÓPAVOGI | GARÐABÆ | HAFNARFIRDI | LANDSBYGGÐINNI

K.C. - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málameistari

MÁLNING · SPARTSL · VEGGFÓÐUR · FLÍSALÖGN



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Vefmiðill Garðapóstsins **kgp.is**

Facebook.com/Gardaposturinn.is

Instagram.com/Gardaposturinn

Í ræktinni með Birnu og Óla í 35 ár

Líkamsrækt B&Ó fagnar 35 ára afmæli á árinu

Líkamsrækt B&Ó hefur verið starfrækt í 35 ár á þessu ári eða frá árinu 1989, undir merkjum Almenningsþróttadeildar Stjórnunnar í Ásgarði. Tímamótunum var að sjálfsögðu fagnað með stæl, að Laugarbakka í Miðfirði dagana 26. til 28. apríl s.l., en eins og flestir ef ekki allir vita þá eru það Birna Guðmundsdóttir og Ólafur Gíslason sem eiga og hafa rekið Líkamsrækt B&Ó allt frá upphafi.

Flestir afmælisgestirnir, komu á föstudeginum að Laugarbakka í blíðskapaveðri og nutu ánægjulegrar samverustundar um kvöldið á hótelinu, en í heildina voru það um 90 manns sem eyddu helgina saman í Miðfirðinum.

Á laugardagsmorgninum eftir morgunverð, raðaði fólk sér í bíla og lagt var af stað í skoðunarferð í fallegu og sólríku en frekar köldu veðri. „Farið var að Þrístöpum í Vatnsdal, þar sem Magnús Ólafsson frá Sveinsstöðum tók á móti okkur og fræddi okkur um síðustu aftökuna sem framkvæmd var á þessum stað 12. janúar 1830. Þar voru líflátin, Agnes Magnúsdóttir og Friðrik Sigurðsson. Eftir um klukkustundar fyrirlestur var farið að Hólabaki, sem er sveitabær í nágrenninu, þar sem Elin Aradóttir tók á móti okkur, með



Birna og Óli hafa verið með Líkamsrækt B&Ó í 35 ár og eru hvergi nærri hætt



kaffi ofl. og sagði okkur frá hannyrðabúð sinni sem hún rekur á bænum. Síðan var farið að Þingeyrarkirkju þar sem að Ingvar Björnsson, maður Elinar tók á móti okkur í kirkjunni og fræddi okkur um sögu staðarins og klaustursins sem var rekið þar í nokkur hundruð ár. Eftir það var okkur boðið í safnaðarheimilið þar sem góðar veitingar biðu okkar,” segir Birna.

Þegar komið var til baka að Laugarbakka, voru Birna og Óli með uppákomu utan-

dýra, þar sem þau afhentu afmælisgjafir til þátttakenda Líkamsræktarinnar, en það voru Jako bakpokar með merki Stjórnunnar, B&Ó og Hrímslands, sem voru stuðningsaðilir þeirra að þessu sinni.

Eftir frjálstan tíma var boðið upp á fordrykk í Grettissal í boði B&Ó, borðhald hófst skömmu síðar með hátíðarkvöldverði. Birna og Óli settu hátíðina og sögðu meðal annars frá upphafi samstarfsins, kynntu síðan til sögunnar veislustjóra kvöldsins sem var enginn annar en Magnús Magnússon, Maggi Diskó. Eiríkur Þorbjörnsson sá um fjöldsöng og Diskótekið Dísá sá um fjörið það sem eftir lífði kvöldsins, en það var mikið dansað og hlegið.

Eftir morgunverð á hótelinu á sunnudagsmorgni fór fólk að tynast heim á leið eftir skemmtilega og ánægjulega samveru.

Afmælis hátíðin tókst einstaklega vel, en B&Ó hafa haldið upp á áfangann á fimm ára fresti frá 2004 og eru ekkert að hætta samkvæmt Birnu og Óla.





HLUTAFJÁRÚTBOÐ ÍSLANDSHÓTELA

Áskriftartímabil er hafið



Íslandshótel er stærsta hótélkeðja landsins m.v. herbergjafjölda og eru hótélín rekin undir tveimur vörumerkjum, Hótel Reykjavík og Fosshótel. Félagið rekur 18 hótél með 1.966 herbergjum hringinn í kringum Ísland og eru 16 af hótelfasteignunum í eigu félagsins.

Almennt útboð á hlutabréfum Íslandshótela hófst kl. 10:00, þriðjudaginn 14. maí og lýkur kl. 16:00 miðvikudaginn 22. maí. Útboðið samanstendur af 257.209.972 hlutum, jafngildi 41,7% hluta í félaginu. Tilboðsbækurnar eru ólíkar m.a. hvað varðar stærð áskrifta, verðlagningu og úthlutunarreglur. Helstu skilmála tilboðsbókanna tveggja má lesa hér að neðan:

	Tilboðsbók A	Tilboðsbók B
Stærð áskrifta	Áskriftir frá 100.000 kr. – 20.000.000 kr.	Áskriftir yfir 20.000.000 kr.
Útboðsgengi	Fast verð 50,0 kr. á hlut.	Tilboð skulu gerð á eða yfir lágmarksverði 50,0 kr. á hlut. Salan fer fram á föstu verði, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum.
Stærð útboðs	Til sölu verða 51.441.994 hlutir (20% af stærð útboðsins)	Til sölu verða 205.767.978 hlutir (80% af stærð útboðsins)
Úthlutun vegna umframeftirspurnar	Áskriftir í tilboðsbók A verða skertar hlutfallslega, þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir niður fyrir 1.000.000 kr. Leitast verður við að skerða ekki áskriftir starfsmanna Íslandshótela niður fyrir 5.000.000 kr.	Meginreglan við úthlutun er að áskriftir verða metnar á grundvelli verðs. Ef skerðing út frá verði nægir ekki til þess að jafngilda fjölda boðinna hlutabréfa í tilboðsbók B mun hlutfallslegri skerðingu vera beitt. Öllum hlutum sem seldir verða í tilboðsbók B verður úthlutað á föstu gengi, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum. Við ákvörðun verðs verður horft til markmiða útboðsins.

Opinn kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 16. maí næstkomandi kl. 10:00. Fundurinn verður haldinn á Hótel Reykjavík Grand í salnum Háteigi og verður hann einnig í vefstreymi sem verður aðgengilegt á vef Íslandsbanka, Kviku banka og á vefsíðu Íslandshótela.

Helstu skilmálar almenna útboðsins:

- Tekið verður við áskriftum á vef Íslandsbanka hf. (www.islandsbanki.is/islandshotel) frá 14. maí 2024 kl. 10:00 (GMT) til 22. maí 2024 kl. 16:00 (GMT).
- Hver áskrift í almenna útboðinu skal vera frá 100.000 kr. til 20.000.000 kr. í tilboðsbók A og yfir 20.000.000 kr. í tilboðsbók B.
- Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins verði birtar opinberlega í síðasta lagi 23. maí 2024.
- Eindagi kaupverðs er áætlaður 28. maí 2024.
- Áætlað er að hlutabréf félagsins verði afhent kaupendum og tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland þann 30. maí 2024.

Nánari upplýsingar:

Nánari upplýsingar um Íslandshótel hf., hlutabréf félagsins og skilmála útboðsins má finna í lýsingu félagsins sem dagsett er 13. maí 2024 auk fjárfestakynningar sem birt hefur verið á www.islandshotel.is/fjarfestar, www.islandsbanki.is/islandshotel og www.kvika.is/islandshotel. Íslandsbanki hf. og Kvika banki hf. hafa umsjón með útboðinu og eru einnig söluaðilar útboðsins.

Upplýsingar og tæknilega aðstoð vegna tilboðsbókar A og B veitir Verðbréfaráðgjöf Íslandsbanka hf.
Sími: +354 440 4000 | Tölvupóstfang: verdbref@islandsbanki.is

Vakin er athygli á því að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og má kynna sér nánar áhættuþætti vegna starfsemi og hlutabréfa Íslandshótela hf. í lýsingu dagsettri 13. maí 2024 sem staðfest hefur verið af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands.



Tökum öll þátt í kosningum um Betri Garðabæ!

Risarenibraut, innileikvöllur, fuglaskoðun, körfuboltaspjald og sjósundsstaða á meðal verkefna

20 hugmyndir hafa verið settar á rafrænan kjörseðil og nú geta Garðabæingar valið hvernig þeir vilja verja 100 milljónum króna í verkefninu Betri Garðabær. Nú kjósum við verkefni sem við viljum að verði framkvæmd í Betri Garðabæ!

Betri Garðabær er samráðsverkefni íbúa og stjórnsýslu um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri framkvæmda í nærumhverfi íbúa í Garðabæ, svokölluð lýðræðisveisla. Í desember hófst hugmyndasöfnun sem lauk í febrúar og kjósum við. Hugmyndirnar eru afar fjölbreyttar og verður spennandi að fylgjast með hverjar fá brautargengi.

Betri Garðabær byggir á hugmyndum um umræðu-lýðræði, þáttökulýðræði, þáttökufjárhagsáætlunargerð og að virkja almenning til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku, umfram það sem gerist í hefðbundnu fulltrúalýðræði. Við hvetjum foreldra og forráðafólk til að virkja ungmenni til þátttöku í verkefninu.

- Íbúar eldri en 15 ára (fædd 2009 og fyrr) geta tekið þátt.
- Garðabær er allur eitt svæði í hugmyndasöfnun og kosningu en leitast var við að dreifa verkefnum til um bæinn.
- Ekki þarf að ráðstafa öllu fjármagninu þegar kosið er.
- Gefðu uppáhalds hugmyndinni þinni hjarta og hún fær tvöfalt vægi.
- Verkefni verða framkvæmd frá sumri 2024 og fram á árið 2025.
- Myndir sem fylgja hugmyndum á kosningasíðu eru ekki dæmi um endanlega útfærslu á framkvæmd.
- Staðsetning hugmynda getur tekið breytingu.
- Aðstoð við að kjósa er hægt að fá í Þjónustuveri Garðabæjar, Garðatorgi 7, og í Bókasafni Garðabæjar, á Garðatorgi 7 og í útíbú bókasafnsins á Álftanesi.

Hugmyndirnar 20 sem verður kosið um eru eftirfarandi:



Lengsta renibraut í Garðabæ í Urriðaholti

Setja upp renibraut niður brekku við göngustíg í vesturhluta Urriðaholts.



Lagfæra stíga í Vífilstaðahrauni

Lagfæra göngustíg í Vífilstaðahrauni og setja upp brýr eða fljótandi stíga þar sem vatn á það til að fljóta yfir.



Bættur göngustígur frá Vífilstaðavatni upp að vörðunni Gunnhildi

Lagfæra göngustíginn með nýju yfirborðsefni og tröppum frá Vífilstaðavatni upp að vörðunni Gunnhildi.



Gervigras á fótboltavöllinn milli Hæðahverfis og Bæjargils

Setja gervigras á fótboltavöllinn á opnu svæði milli Hæða og Bæjargils.



Gervigras á fótboltavöllinn við Haustakur

Setja gervigras á fótboltavöllinn við Haustakur í Akrahverfi.



Innileikvöllur á Garðatorgi

Innileikvöllur í göngugötunni á Garðatorgi.



Fjölskylduútsvæði miðsvæðis í Garðabæ

Útsvæði fyrir fjölskyldur í Garðabæ. Gróður, leiksvæði, útigrið o.fl.



Betri leikvöllur við Lambhaga á Álftanesi

Endurnýja leikvöllinn við Lambhaga á Álftanesi.



Bætt aðstaða fyrir sjósundsíðkun í Helguvík

Bætt aðstaða fyrir sjósundsíðkun í Helguvík á Álftanesi. T.d bílastæði, sturtur o.fl.



Inni leiksvæði í Ásgarði

Setja upp innileiksvæði í opna rýminu í anddyri Ásgarðs.



Stytta af kettinum Sushi

Setja upp stytta/skjöld af kettinum Sushi við Ásgarð í Garðabæ



Þúttvöllur í Sjálandi

Setja upp þúttvöll á opnu svæði í Sjálandi.



Útsýnispallur yfir fuglana í fjörinni við Kasthúsatiörn

Reisa útsýnispall yfir grjótagarðinn við fjöruna við Kasthúsatiörn.



Skolaðstaða fyrir siglingaklúbbinn

Útbúa skolaðstöðu fyrir siglingaklúbbinn svo að hægt sé að skola búnað eftir siglingar.



Afgirt hundasvæði

Setja upp afgirt hundasvæði á hentugan stað í Garðabæ.



Slökunarrými fyrir börn með greiningar og erfðleika

Setja upp aðstöðu til slökunar og næðis fyrir börn með greiningar í unglingsáætlunum í grunnskólum Garðabæjar.



Mínútu- og tempoklukkur fyrir sundlaugar í Garðabæ

Setja upp mínútu- og tempoklukkur í sundlaugar í Garðabæ.



Endurnýja trébrýr og breikka yfir læki í Garðabæ

Endurnýja 2-3 trébrýr og breikka yfir læki í Garðabæ.



Sturtur við útiklefan í Álftaneslaug

Setja upp útisturtur í Álftaneslaug við útiklefa sem eru nú þegar til staðar.



Körfuboltaspjöld við öldulaug í Álftaneslaug

Setja upp körfuboltaspjöld við öldulaugina í sundlauginni á Álftanesi.



ÚRVAL ÚTSÝN

SÓL, BORG, SKÍÐI OG FLEIRA

FRÁBÆRIR FLUGTÍMAR

NÝ FLUGVÉL



Wi-Fi um borð

FRÁBÆRIR FLUGTÍMAR Í SUMAR

FJÖLDI ÁFANGASTAÐA Í BOÐI

BENIDORM

MEDITERRANEO BENIDORM



28. MAÍ - 4. JÚNÍ Tvíbýli m. hálfu fæði
Staðsett stutt frá Levante strönd. Á staðnum er góð sundlaug, barnalaug, leikvöllur og skemmtidagkrá. Góður fjölskyldukostur.

VERÐ FRÁ **95.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

ALBIR

HOTEL SUN PALACE ALBIR



4. - 11. JÚNÍ Tvíbýli m. morgunverði
Góð sundlaug, barnalaug, heilsurækt og líkamsrækt á staðnum. Einnig er veitingastaður á staðnum

VERÐ FRÁ **111.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.

ALMERÍA

ARENA CENTER HOTEL



27. JÚNÍ - 8. JÚLÍ Íbúð 1 svefnh. án fæðis
Vel staðsett aðeins 900 m frá strönd, góð sundlaug, skemmtidagkrá og leikjaherbergi. Frábær fjölskyldugisting.

VERÐ FRÁ **99.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

TENERIFE

CORAL LOS ALISIOS



29. MAÍ - 3. JÚNÍ Íbúð án fæðis
Góð íbúðargisting með sundlaug, veitingastað og sunlaugarbar. Einnig er líkamsrækt á staðnum. Njóttu vel á Tenerife.

VERÐ FRÁ **62.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

TENERIFE

OHASIS BOTIQUE SUITES



3. - 12. JÚNÍ Íbúð m. 1 svefnherb. án fæðis
Góð sundlaug, barnalaug og leikvöllur. Á hótelinu er veitingastaður, sána, líkamsrækt og heilsulind.

VERÐ FRÁ **102.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.

KRÍT

THEO HOTEL



30. MAÍ - 10. JÚNÍ íbúð 1 svefnh. m. morgunverði
Vel staðsett aðeins 200 m frá strönd. 3 sundlaugar, barnalaug, leikvöllur og veitingastaður. Frábær kostur á Krít.

VERÐ FRÁ **177.500 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

VERÓNA, ÍTALÍA



HELGARFERÐIR Í SUMAR



BROTTFARIR Í JÚNÍ, JÚLÍ OG ÁGÚST
Beint flug til Veróna. Fullt af fegurð, sögu og líflegum torgum. Vínsmökkun, lifandi tónlist og grænir garðar.

VERÐ FRÁ **99.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

MADONNA, ÍTALÍA



**SKÍÐAFERÐIR 2025
KOMNAR Í SÖLU**



FJÖLDI BROTTFARA Í BOÐI Í VETUR
Þitt skíðafri til Ítalíu á betra verði. úrvals skíðagistingar, beint flug og íslensk fararstjórn.

VERÐ FRÁ **169.500 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.

**FJÖLBREYTTIR
GREIÐSLUMÖGULEIKAR Í BOÐI**

FESTU ÞÍNA SÓLARFERÐ MEÐ ÞVÍ AÐ GREIÐA 50.000 KR. STAÐFESTINGARGJALD Á MANN, FULLNAÐARGREIÐSLA 7 VIKUM FYRIR BROTTFÖR.

*VERÐ FRÁ **62.900 kr.**

Sjáðu meira á urvalutsyn.is



VERÐ ERU BIRT MEÐ FRIRVARNA UM PRENTILLUR OG STAFARENGL.

Er nokkuð enn verið að tala um Garðabæ sem svefnbæ?

Garðabær hefur heldur betur iðað af lífi undanfarna daga og vikur. Stærsta knattspyrnumót landsins, TM mót Stjórnunnar lauk í lok apríl sl. þar sem um 4200 ungir fótbolta-sníllingar og um 600 sjálfboðaliðar tóku þátt, Skátafélagið Vífill hélt upp á sumardaginn fyrsta í Miðgarði þar sem bæjarbúar fjölmenntu, GKG bauð upp á fjölmennan kynningardag í félagsheimili sínu við Vífilsstaðaveg, en nú hafa báðir vellirnir

Mýrin og Leirdalur verið opnaðir, Gróska hélt sína árlegu sumarsýningu, Sjáland veislusalur opnaði dyr sínar að nýju þar sem smekkfyllt var á uppstandssýningu Ara Eldjárns, Snjólaug og Birna Rún, en til stendur að vera með viðburði fyrstu tvö fimmtudagana í hverjum mánuði í húsinu. Í Jónhúsi sýndu eldri borgarar afrakstur vetrarins á árlegri vorsýningu sinni í byrjun maí og Hönnunarsafnið opnaði nýja sýningu.

Þá fór Barnamenningarhátíð fram og að lokum má ekki gleyma Jazzþorpinu á Garðatorgi þar sem sem margir ungir og hæfileikaríkir jazzarar mættu til leiks ásamt mörgu af okkar fremsta tónlistarfólki, sannkölluð stórveisla. Það er því ekki úr vegi að birta nokkrar óbirtar myndir sem Garðapósturinn lumar á frá þessum frábæru viðburðum. Er nokkuð enn verið að tala um Garðabæ sem svefnbæ?





Hreinsunardagur hjá Hjallastefnunni á Vífilstöðum

Laugardaginn 11. maí komu fjölskyldur barna á leikskólanum Hnoðraholti og Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ saman og tóku til hendinni í nágrenni skólanna.

Mæting var mjög góð og afraksturinn var hreinni og öruggari lóð fyrir krakkana. Skólarnir eru staðsettir á Vífilstöðum og njóta góðs af því umhverfi sem umlykur þá. Skógurinn var hreinsaður, tré grisjuð, greinar og rusl hirt. Í lokinn var boðið upp á grillaðar pylsur. Garðabær skaffaði foreldrafélögnum ruslapoka, áhöld og styrk til kaupa á veitingum fyrir duglega vinnumenn.



Styrkjum að upphæð 5.625.000 kr. úthlutað til verkefna á sviði fræðslu- og uppeldismála

Á fundi Skólanefndar var lagt fram bréf frá Endurmenntunarsjóði grunnskólans um úthlutun styrkja til verkefna á sviði fræðslu- og uppeldismála samtals að fjárhæð kr.5.625.000.-



Um er að ræða eftirfarandi styrki.

Álftanesskóli kr. 575.000

Flataskóli kr. 550.000

Garðaskóli kr. 525.000

Hofsstaðaskóli kr. 325.000

Sjálundsskóli kr. 625.000

Urriðaholtsskóli kr. 625.000

Garðabær - fræðslu- og menningarsvið

kr. 2.400.000.-

Samtals úthlutað kr. 5.625.000.-

519 skráðir í Vinnuskóla Garðabæjar



Í byrjun maí voru 519 umsóknir komnar í Vinnuskóla Garðabæjar fyrir sumarið 20024, en forstöðumaður Vinnuskólans reiknar með að um 650-700 skráningar verði þegar upp er staðið því reynslan er sú að það fjölgi um 15-20% á síðustu vikunum fyrir skólaok. Reiknað er því með 100 skráningum í viðbót fram að sumri.

Reiknað er með um 650-700 skráningum í vinnuskólann í sumar

Umsóknir sem voru skráðar í byrjun maí:

8. bekkur, árg. 2010 = 190 umsóknir

9. bekkur, árg. 2009 = 197 umsóknir

10. bekkur, árg. 2008 = 132 umsóknir.

Hámarksfjöldi íbúða við Eskiás fjölgar úr 276 í 298

Á fundi skipulagsnefndar var lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Ása og Grunda sem nær til fjölbýlishúsa við Eskiás 6, 7, 8 og 10.

Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarksfjöldi íbúða við Eskiás eykst um 22 eða úr 276 í 298.

Einnig að byggingarreitum á lóðunum nr. 7 og 10 við Eskiás verði breytt, þannig að þær íbúðargerðir sem þróaðar hafa verið á svæðinu gangi vel upp á lóðunum.

Auk þess gerir tillagan ráð fyrir því að hámarkshæðafjöldi hækki úr tveimur í þrjár



hæðir á lóðinni nr.10 og á nýrri byggingarreit meðfram Eskiási á lóðinni nr. 7.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar.

hh simonsen

GEFÐU GJÖF SEM ENDIST

ROD VS5

ROD VS8

ROD VS9

HVER ER ÞÍN UPPÁHALDS KRULLA?

Þú getur töfrað fram krullur, liði og bylgjur í öllum stærðum og gerðum með jarnnum frá HH Simonsen

ÞAD ER FIMM ÁRA ÁBYRGÐ Á RAFTÆKJUNUM FRÁ HH SIMONSEN SEM ERU KEYPT Á EINUM AF VIÐURKENNDU SÖLUSTÖÐUM HH SIMONSEN Á ÍSLANDI. ÞÚ FINNUR LISTA YFIR VIÐURKENNDA SÖLUSTADI Á BPRO.IS

Kjötkompaní

GRILLUM

OG

NETÓTUM

Í ALLT

SUMMAR



GLEÐILEGT SUMAR

DALSHRAUNI 13
220 Hafnarfirði

BÍLDSHÖFDA 18
110 Reykjavík

GRANDAGARDI 29
101 Reykjavík

kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Alþjóðlegi safnadagurinn laugardaginn 18. maí

Frítt inn á Hönnunarsafns Íslands á Garðtorgi

Í tilefni af alþjóðlega safnadeginum er frítt inn á Hönnunarsafn Íslands laugardaginn 18. maí.

Í safninu standa nú yfir þrjár sýningar. Sýningin Skart sem haldin er í samstarfi við Textílfélagið sem fagnar 50 ára afmæli á árinu. Þar sýna þrjú meðlimir félagsins skartgrip. Ingiríður Óðinsdóttir og Jóna Sigríður Jónsdóttir eiga það sameiginlegt að vera í grunninn textílhönnuðir en Helga Mogensen er menntaður skartgripahönnuður. Það sem tengir verkin helst saman er vísun í ferðalag. Helga vinnur með landkort þar sem staðarmöfn, strandir og hæðarlínur koma við sögu. Verk Ingiríðar hafa tengingu við gönguferð um íslenska náttúru með óvæntum snúningi og verk Jónu vekja hugrenningatengsl við skartgrip á ættbálka á framandi slóðum.

Á sýningunni, Hönnunarsafnið sem heimili, má finna um 200 dæmi um íslenska hönnun. Sýningin er sett upp sem grunnmynd af heimili en líkt og á heimilum fólks má sjá þar hlið við hlið muni frá mismunandi tímabilum. Húsgögn, borðbúnaður, fatnaður, bækur og textill frá ólíkum tíma koma saman og varpa ljósi á brot af því sem íslenskir hönnuðir og handverksfólk hefur skapað.



Eldbóm – hvernig dans varð að vöruhönnun er sýning sem varpar ljósi á það hvernig hugmyndir kvikna og taka flugið, springa út í allar áttir og falla í mismunandi jarðveg. Við köllum rýmið þar sem þessi sýning er sett upp „Safnið á röngunni“. Það er hugsað sem rými til tilrauna, rannsókna og samtals. Hér gefst tækifæri til að líta yfir farinn veg, skoða hugmyndir sem hafa orðið



Sigga Soffía

að veruleika, þær sem enn biða og tækifærin fram undan.

Sigga Soffía Nielsdóttir útskrifaðist sem listdansari frá samtímadansbraut Listaháskóla Íslands árið 2009 og stundaði einnig nám í sirkuslistum við École Supérieure des Arts du Cirque í Brussel. Árið 2021 útskrifaðist hún með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Hún hefur starfað víðsvegar sem dansari og danshöfundur en er einnig þekkt fyrir flugeldasýningahönnun og blómalistaverk.

Safnið er opið alla daga frá 12-17 nema mánudaga www.honnunarsafn.is



Húnarnir mæta alltaf fyrstir



Húnarnir - að morgni dags 15. apríl 2024 kl. 06:26

Það er áhugaverður hópur „heldri“ bæjarbúa sem mætir fyrstur alla morgna í sundlaugina í Ásgarði.

Hópurinn nefnir sig Húnana og það er ekki að ástæðulausu því eins og áður segir þá hanga þeir á hún Ásgarðsloftum áður en hún opnar kl. 06:30 á virkum dögum og kl. 08:00 um helgar.

Hópurinn er nánast eingöngu samsettur af karlmönnum fyrir utan eina konu, sem slæðist annað slagið með sjálfsagt til að athuga hvort ekki sé í lagi með drengina, en Húnarnir byrja á því að taka góðan sundsprett áður en stigið er í heita pottinn þar sem menn ræða landsins gagn og nauðsýnjar. Nokkrir úr hópunum fara þó í ræktina þrisvar í viku í Ásgarði undir stjórn hins eitilhressa Ólafs Nilssonar „formanns hópsins“, sem er 85 ára, áður en þeir hitta félagana í pottinum. Kristján Ólafsson „varaformaður“ heldur svo skilmerkilega utan um mætinguna með því að skrá allar mætingar í excel skjal.

Eftir góða sturtu sejast Húnarnir svo niður í anddyri Ásgarðs, þar sem þeir fá sér góðan kaffibolla og umræðan um lands- og heimsmálin halda áfram og að sjálfsögðu eru bæjarmálin rædd og bæjarstjóranum veitt ákveðið aðahald. Húnarnir hittast þó ekki eingöngu í sundlauginni á hverjum morgni því einu sinni í mánuði er farið á kaffihús og árlega, yfirleitt í maí, er farið í dagsferð með rútu á einhvern áhugaverðan stað úti á landi. Húnarnir hafa m.a. farið á Njálslóðir, skoðað eldstöðvar, farið í bjórverksmiðju og ýmislegt fleira. Flestir hafa verið í þessum skemmtilega hópi í áraraðir ef ekki áratugi.



Ný vegansamloka hjá Lemon

„Vegancado, nýja vegansamlokan frá Lemon er dúndurgóð!“

„Við erum alltaf að horfa til nýjunga og höfum unnið með frábæru fólki að skemmtilegum og góðum vörum undanfarin ár. Við finnum fyrir aukinni eftirspurn eftir veganvörum hjá okkur og því fengum við Ellu Stínu, eiganda Ella Stína Vegan, til liðs við okkur. Ákveðið var að vinna með vinsælustu samlokuna okkar Chickencado og skoða hvernig við gætum breytt henni í vegan. Samlokann verður til að byrja með í boði í sumar en ef vel gengur og hún fer vel í viðskiptavinum okkar þá fer hún á matseðilinn,“ segir Gurrý Indriðadóttir, markaðsstjóri Lemon.



Ella Stína kynnir nýju Vegancado samlokuna

Samlokann inniheldur vegankjúlabbita, tómata, avocado, hvítlauks ailoli og pestó.

Kjúlabbítarnir eru unnir úr Pea prótein sem er prótein unnið úr Edamame baunum sem gerir þá næringarika af próteini. „Ég mæli með vegan kjúlabbítunum í vegancado samlokunni. Áferðin á bitunum er eins og á kjúklingi og þeir sem borða kjúkling segja ekki finna mun á kjúklingi og vegankjúlabbítunum. Þegar kom að vali á bitunum þá var úr vöndu að velja, en mikilvægt er að finna góða samstarfsaðila sem framleiða eftir okkar gæðakröfum. Ég hef verið í samstarfi við fyrirtæki á Austurríki sem framleiðir vegan kjúlabbítana en þeir vinna aðeins með úrváls hráefni úr sínu nærumhverfi,“ segir Ella Stína.



Soffía Dögg Halldórsdóttir og Gurrý Indriðadóttir

sérstaklega verið vinsæll hjá ófrískum konum þar sem hann er mjög járnrikur,“ segir Gurrý.

Gott kombó er gulli betra
„Á Lemon er vinsælt að fá sér samloku og djús, svo kallað kombó. Með vegancado mælum við með djúsum sem við unnum með Hildi Ómars, Beetlejuice. Hann er hollur, fullur af vítamínum og járn. Hann hefur

Mælum með að prófa vegan – fyrir eru allir djúsarnir á Lemon að sjálfsögðu vegan og próteindrykkurinn Power Plant sem Telma Matthíasdóttir gerði og hann hefur heldur betur slegið í gegn. Hinar sívænsælu partýkúlur Tobbu eru vegan og eru ómissandi með kaffibollanum á Lemon.

eignaumsjon.is

VR

FYRIRMYNDAR
FYRIRTÆKI 2023
Eignaumsjón

2023 Fyrirmyndarfyrirtæki
í rekstri
Vöðvæðing 5. flokkur

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• EIGNAumsjón

lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800



Forseti Íslands, bærstjóri Garðabæjar og forsetaframbjóðendur tóku þátt í Forsetahlaupi UMFÍ á Álftanesi

Forsetahlaup UMFÍ fór fram á Álftanesi í frábæru veðri sl. fimmtudag. Vel á þriðja hundrað þátttakendur sprettu úr spori í hlaupinu. Hlaupið var fyrir alla fjölskylduna, allskonar fólk og allskonar fætur.

Áherslan í hlaupinu var á gleði og samvinnu, hreyfingu og samveru – hinn eiginlega ungmennafélagsanda.

Tæplega þrjú hundruð manns á öllum aldri tóku þátt í hlaupinu.

Þetta var í þriðja sinn sem Forsetahlaup UMFÍ fór fram og annað skiptið sem það er á Álftanesi. Hlaupið er haldið í samstarfi við Embætti forseta Íslands, Ungmennafélag Álftaness og Hlaupahóp Álftaness.

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, tók þátt í upphitun og fór létt með 5 kílómetra sprettinn frá Íþróttamiðstöðinni, að Bessa-stöðum og til baka. Að hlaupi loknu var blásið til bærarhátíðarinnar Forsetabíkarinn og afhenti hann þar verðlaun.



Helga Þórisdóttir, forsetaframbjóðandi tók þátt í hlaupinu ásamt dóttur sinni Lilju og eiginmanni, Theodóri Jóhannssyni



Almar Guðmundsson, bærstjóri í Garðabæ kom brosandí í mark



Guðni TH forseti tók nokkrar fimmur á leiðinni og hafði gaman af

Á meðal þátttakenda í hlaupinu voru forsetaframbjóðendurnir Helga Þórisdóttir sem hljóp með fjölskyldu sinni, og Ástþór Magnússon, sem fór leiðina með Haffa Haff og sá var í gríðarlega góðu stuði. Að sjálfsögðu tók bærstjóri Garðabæjar, Almar Guðmundsson, þátt í hlaupinu, en hann hefur undanfarin ár æft með Hlaupahópi Stjörmunnar og þykir býsna seigur hlaupari.

Allir þátttakendur fengu þátttökuverðlaun, þar á meðal forseti Íslands, sem var að sjálfsögðu með númerið 1.

Stuð á Hjallavision í Barnaskóla Hjallastefnunnar



Hefð hefur skapast í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ að börnin halda utan um söngvakeppni sem heitir Hjallavision.

Elstu börnin skipuleggja keppnina frá a-ö með sínum kennurum og velja fulltrúa úr starfsfólks hópnunum til að skipa dómnefnd. Dómnefndinni býður afar vandasamt verk þar sem kosið er um kraftmesta atriðið, litríkasta atriðið, einstakasta atriðið, fyrirmynnda hópavinnu, bestu búningana, bestu söng-



raddirnar, hressasta atriðið, fyndnasta atriðið og besta dansinn. Börnin taka svo öll þátt í kosningu á fyrsta, öðru og þriðja sætinu.

Síðustu daga hefur því verið handgangur í öskjunni og mikið verið æft, sungið og skrafað.


Hjallavision tókst með eindæmum vel og voru öll börn til fyrirmyndar í hvatningu og virðingu fyrir öllum atriðum. Það krefst mikillar áræðni og samvinnu að standa fyrir svona keppni og hefur sú vinna sannarlega verið upp á 10.

Rúsinan í pylsuendanum er svo árlegt kennaraatriði sem vekur mikla lukku, ekki sist hjá kennurum sjálfum.

Í lok dags bauð Foreldrafélag Barnaskólans öllum börnum upp á ís og ætluðu fagn aðarlætinn um koll að keyra þegar ísbíllinn renndi í hlað!



Grillvörur Hafsins eru komnar í verslanir okkar



5 Íslandsmeistaratitlar

Blómlegt starf Karatefélags Garðabæjar

Karatefélag Garðabæjar keppti í annað sinn á Íslandsmeistaramóti barna í kata sem haldið var í Smáranum þann 5. maí s.l.

Íslandsmeistari félagsliða í kata barna

Afraksturinn var hvorki meira né minna en 5 íslandsmeistaratitlar ásamt þó nokkrum silfur og brons verðlaunum. Félagið lenti þar í 1. sæti í samanlögðum stigafjölda en alls voru 12 félög skráð í keppnina. Til gamans má geta að félagið lenti í 3. sæti í samanlögðum stigafjölda á Íslandsmeistaramótinu í fyrra. Þetta verður að teljast frábær árangur af svo ungu félagi enda í fyrsta sinn sem karatefélag vinnur Íslands-

meistaratitil félagsliða í kata barna eftir aðeins tveggja ára starfsemi. Við erum spennt fyrir komandi vetri og hlökkum til að bæta okkur enn frekar.

Karatefélag Garðabæjar var stofnað í desember 2021 og hóf starfsemi sína í febrúar árið 2022. Stofnandi og aðal þjálfari félagsins er Vicente Carrasco en hann hefur margra ára reynslu í karate þjálfun. Hann hlaut gullmerki Karatesambandsins árið 2019 en hann hefur markvist starfað að uppbyggingu íþróttarinnar í meir en 30 ár og stofnað 6 karate deildir á ferli sínum. Hann hefur átt farsælan feril sem þjálfari og átt félagslið á toppnum árum saman.



Á myndinni eru: Karen, Iðunn, Matthías, Orri, Einar, Lea, Maren, Nanna, Salný, Björn, Ýmir, Kría, Elín, Alex, Guðmundur, Klara Líf, Arnar, Ísleifur, Birkir, Darri og svo þjálfarinn Vicente



Karate er góð alhliða þjálfun fyrir börn þar sem þeim er kenndur agi, traust og virðing ásamt því að auka líkamlegan og andlegan styrk. Lögð er áhersla á að börnin fái útrás í traustu og öruggu umhverfi undir góðri handleiðslu.

Félagið býður upp á æfingar fyrir börn frá aldrinum 6 til 18 ára sem og æfingar fyrir fullorðna en æfingar hafa farið fram í Ásgarði. Áhugasömum er bent á að skoða síðu félagsins á facebook eða senda fyrirspurnir á netfangið karategbr@gmail.com



Umgengni við grendargáma við Sjálandsskóla ekki til fyrirmyndar

Nemendur í Sjálandsskóla skoða nærumhverfi sitt í tengslum við umhverfismál



Nemendur í 10.bekk Sjálandsskóla hafa undanfarnar vikur verið að skoða hvað betur megi fara í umhverfismálum og þá sérstaklega í nærsamfélagi sínu.

Umgengni við grendargáma sem staðsettir eru við bílastæði Sjálandsskóla hefur ekki verið til fyrirmyndar en iðulega er mikið af rusli við hlið gámana sem berst síðan um nánasta umhverfi. Þeir Gunnar, Viktor og Egill Dofri ákváðu að kortleggja vandann með því að byrja á að týna allt

rusli við gámana og fylgjast svo með ástandinu dagana á eftir.

Skemmt er frá því að segja að ástandið við gámana var fljótt komið í sama horf og heldur verra ef eitthvað var. Þeir ákváðu því að taka málin í sínar hendur hafa nú sett upp vinsamleg skilaboð til notenda um að gera betur. Við sjáum hvað setur en vonandi munu aðgerðir þeirra verða til þess að umgengni batnar.



Flokkunargámur í Garðabæ
Við nemendur í Sjálandsskóla kvörtum yfir slæmri umgengni í kringum gámana hér við bílastæði skólans.
! Íbúar og bær, gerum betur !
Þetta bykir viðbjóðslegt.

Gerum betur, skiljum ekki rusli eftir við gámana

LÁTTU OKKUR SJÁ UM HEIMILISÞVOTTINN ÞINN

Hröð og vönduð þjónusta.
Persónuleg þjónusta og hagstætt verð.

OPNUNARTÍMI EFNALAUGAR GARÐABÆJAR
MÁN - FÖS: 8-18 • LAU: lokað



EFNALAUG GARÐABÆJAR | GARÐATORGI 3 | GARÐABÆ | SÍMI 565 6680

Vorverkin í Garðabæ!

Eins og síðustu ár eru Garðbæingar hvattir til að taka þátt í vorverkunum með sameiginlegu átaki. Gerum Garðabæ að snyrtilegasta bæ landsins!

8. – 21. MAÍ
VORHREINSUN LÓÐA

Að þessu sinni mun Garðabær koma fyrir ríflega 30 gámum um bæinn til að taka á móti garðaúrgangi sem íbúar koma sjálfir í gámana. Fjöldi gáma endurspeglar þann mikla dugnað sem Garðbæingar hafa sýnt með vorhreinsun sinni undanfarin ár.





GARÐABÆR



Betri

GARÐABÆR

Við kjósum 8. - 20. maí

Skannaðu kóðann til að kjósa

